

REGLUR

varðandi útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli með viðmiðunardagsetningar frá 31. mars 2024 til 29. júní 2024.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

2. gr.

Upplýsingar um áhættulausan vaxtaferil fyrir viðeigandi gjaldmiðla.

Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi skal váttryggingaskuld vera samtala besta mats á skuldbindingum og áhættuálagi. Reglur þessar eru settar til að innleiða framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) þar sem fram koma tæknilegar upplýsingar um áhættulausan vaxtaferil fyrir viðeigandi gjaldmiðla samkvæmt 2. mgr. 76. gr. laga nr. 100/2016.

3. gr.

Innleiðing reglugerðar.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1289 frá 13. maí 2024 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 31. mars 2024 til 29. júní 2024 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2024 frá 12. júní 2024.

Með vísan til heimildar 1. mgr. 78. gr. laga nr. 100/2016 vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union): Stjtið. ESB, deild L, 2024/1289, hinn 14. maí 2024.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 1. mgr. 78. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, öðlast þegar gildi.

Seðlabanka Íslands, 1. nóvember 2024.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júnísdóttir
framkvæmdastjóri.